

Góðan dag

1. Það væri raunverulegur stuðningur að endurgreiða stimpilgjöld vegna kaupa á nýrri eign.

Þetta er skattur frá ríkinu sem væri sanngjarnt að fella niður eða lækka verulega og þá úr því sem komið er með enudrgreiðslu gegnum skattinn eða með sérstakri umsókn. Tekjutenging væri mjög ósanngjörn.

2. Akstur og annar tilfallandi kostnaður er gríðarlegur og erfitt að henda reiður á raunkostnaði. Í skattframtali ætti að vera sérstakur liður með x tölu sem sótt er um einu sinni fyrir hverja fjölskyldu.

Fjárhæð gæti verið 100-200 þús. Einu sinni, vegna sérstækra aðstæðna. (skattfjálst og skerðingalaust) Akstur, kaup á nauðsynjavörum og húsgögnum, fatnaði og fleiru vegna lokana almannavarna, greiða hita og rafmagn af tveimur eignum mánuðum saman, listinn er endalaus og gríðarleg óvænt útgjöld sem við höfum orðið fyrir.

3. 95% viðmiðið er verulega ósanngjarnt, sérstaklega gagnvart þeim sem voru með litið eigið fé í eign, sem eru flest ungir kaupendur, fyrstu kaupendur. Þetta fólk er flest að tapa sínu eign fé og jafnvel að lenda í mínus.

4. Margir hafa fjárfest í íbúðum í Grindavík, ýmist fyrir sjálfa sig eða börnin sín, jafnvel til að tryggja sér minni eign til að flytja í. Það er ósanngjarnt að þetta fólk fái ekki bætt /keypt slíkt húsnæði.

Ætti að liðka í 2-3 eignir að x hámarki per fjölskyldueiningu/stórfjölskyldur.

5. Rekstraraðilar sem geta ekki starfað og ekki flutt starfsemi sína ættu að fá fasteignir keyptar upp, eða amk að hluta, lágmark það sem nemur skuldum svo ekki komi til fjöldagjaldþrota.

6. Einingahús, hefði átt að flytja inn strax, en það er betra seint en ekki, legg til að sett verði upp lítil þorp innan þéttbýliskjarna, sérstaklega fyrir einstæðinga og eldri hjón. Lítil hús með sameiginlegu þjónustuhúsi í miðju þar sem þvottahús, smá vinnuástaða og onnur sameiginleg ástaða væri staðsett. Mikið af eldri fólki og einhleypu bjó við góðan kost en kemst engan veginn inn á fasteignamarkaðinn núna. Einsemd og depurð vex.

7. Takk fyrir það sem hefur verið gert, en betur má ef duga skal, þetta er alls ekki búið.

Arna Þ Björnsdóttir- Íbúi.